

### **Tillaga að deiliskipulagi fyrir land Reykjakots I, Ölfusi.**

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti 31. mars 2016 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir landið Reykjakot I, Ölfusi skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og umhverfisáhrifum. Skipulagssvæðið markast af 3.33 ha landi Reykjakots I, landnr. 171794, Ölfusi. Deiliskipulagstillagan felur í sér að afmarka byggingarreit umhverfis núverandi mannvirki og 3 nýja byggingarreiti til viðbótar fyrir íbúðarhús. Tillagna er í samræmi við Aðalskipulag Ölfuss 2010-2022 sem sýnir að innan þessa reits, Í2 er heimilt að byggja allt að 4 íbúðahús ásamt geymslum.

### **Tillaga að deiliskipulagi fyrir Þrastarveg 6 og 6a, Ölfusi.**

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti 31. mars 2016 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir landið Þrastarveg 6 og 6a sem á upprunaland úr Þórustöðum Ölfusi, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og umhverfisáhrifum. Lóðirnar eru hvor um sig rúmir 7000 m<sup>2</sup>. Þær voru áður ein lóð sem var skipt upp í tvær lóðir árið 2008. Í Aðalskipulags Ölfuss, 2010 – 2022 eru lóðirnar skilgreindar sem landbúnaðarlóðir. Á landbúnaðarlóðum er heimilt að byggja íbúðahús og ennfremur að starfrækja ýmsa minni háttar starfssemi þar sem aðstæður leyfa, eins og verkstæði og léttan iðnað.

**Skilmálar: Þrastavegur 6.** Heimilt er að byggja tvílyft íbúðarhús, gesthús, bílskúr og vinnustofu fyrir léttan iðnað samtals um 353 m<sup>2</sup>. Mænisstefna er samsíða eða þvert á byggingarreit. Hámarks mænishæð er 7 m frá gólfi. Aðkoma að lóðinni er í gegnum nærliggjandi lóð (Þrastaveg 6a). Bílastæði lóðarinnar, tvö stæði, eru staðsett við inngang nærliggjandi lóðar (Þrastaveg 6a). Stærð lóðar: 7073,9 m<sup>2</sup>. Hámarks stærð bygginga: 353 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall: 0,05

**Þrastavegur 6a.** Heimilt er að byggja tvílyft íbúðarhús, gesthús, bílskúr og vinnustofu samtals um 353 m<sup>2</sup>. Mænisstefna er samsíða eða þvert á byggingarreit. Hámarks mænishæð er 7 m frá gólfi. Á lóðinni er kvöð um aðkomu að nærliggjandi lóð (Þrastavegi 6). Við inngang lóðarinnar eru staðsett samtals fjögur bílstæði, tvö af þeim fyrir nærliggjandi lóð (Þrastaveg 6). Stærð lóðar: 7073,9 m<sup>2</sup>. Hámarks stærð bygginga: 353 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall: 0,05.

Lóðarhafar skulu sjá um fráveitu á sínum lóðum og að nægt brunavatn sé til staðar.

Tillögur að deiliskipulagi ásamt umhverfislýsingu liggja frammi til kynningar í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn á skrifstofutíma frá 9-12 og 13-16. Tillögur verða einnig á heimasíðu Ölfuss. Tillögur eru til kynningar frá 31. mars 2016 til 12. maí 2016. Ábendingar og athugasemdir skulu vera skriflegar og hafa borist fyrir 12. maí 2016 til Sveitarfélagsins Ölfuss, b.t. skipulags- og byggingarfulltrúa, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi